

Fjölmenningarráð

Ár 2019, þriðjudaginn 18. febrúar, var haldinn 17. fundur fjölmenningaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.15.03. Fundinn sátu Sabine Leskopf, Jórunn Pála Jónasdóttir, Renata Emilsson Peskova, Nichole Leigh Mosty, Tui Hirv og áheyrnarfulltúar Tamila Gámez Garcell og Herianty Novita Seiler. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Tómas Ingi Adolfsson sem var fundarritari.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um stöðu aðgerða undir mannauðsskrifstofu í stefnu Reykjavíkurborgar um málefni innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Auður Björgvinsdóttir sérfræðingur á mannauðsdeild Reykjavíkurborgar tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer kynning frá Eflingu og Sameyki um stöðu félagsmanna af erlendum uppruna.

Sara S. Öldudóttir sérfræðingur hjá Eflingu og Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri Sameyki taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer umræða um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 29.1.2019, í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði um fjölmenningaráttíð.

Fjölmenningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmenningarráð tekur undir með þeirri nálgun að mikilvægt er að styðja við þátttöku innflytjenda í almennum borgarhátíðum á borð við Menningarnótt. Ítarleg vinna við breytingar á fyrirkomulagi Fjölmenningardags stendur yfir um þessar mundir og þykir þess vegna rétt að vísa tillögunni inn í þessa yfirstandandi vinnu.

4. Fram fer umræða um umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi.

Fjölmenningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmenningarráð tekur undir umsögn mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, sér í lagi að nauðsynlegt sé að horfa ávallt til gagnkvæmrar aðlögunar í allri stefnumótun um málefni innflytjenda. Sérstaklega vill ráðið benda á nauðsyn þess að efla þjónustu ríkis við innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjölmennasti hluti innflytjenda á Íslandi býr.

Fundi slitið kl. 16.37

Sabine Leskopf

Jórunn Pála Jónasdóttir
Nichole Leigh Mosty
Tamila Gámez Garcell

Renata Emilsson Peskova
Tui Hirv
Herianty Novita Seiler